

135. löggjafarþing 2007–2008.
Þskj. 0 — 1. mál.

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/318
komudagur 19.11.2007

Álit

um frv. til fjárlaga 2008 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá 3. minni hluta allsherjarnefndar.

Fjárlög hvers árs eru órækur vitnisburður um stefnu ríkisstjórna á hverjum tíma. Fjárlög fyrir árið 2008 endurspeglar þannig með skýrum hætti stefnu ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið í ríkisstjórn síðastliðin fjögur kjörtímabil og lengst af við stjórnvölinn. Það er skoðun minni hlutans að þessi ár hafi verið feit ár auðmanna og hátekjufólks en að sama skapi mögur ár lág- og meðaltekjufólks, aldraðra og öryrkja og fleiri hópa í þjóðfélaginu. Að mati minni hlutans hefur þjóðfélagsgerð okkar breyst til verri vegar síðustu 16 ár. Misskipting, fátækt og hvers kyns mismunur hefur aukist verulega. Aðgangur að heilbrigðisþjónustu hefur verið takmarkaður með gjaldtöku. Landsbyggðarfolk situr engan veginn við sama borð og íbúar höfuðborgarsvæðisins og sveitarfélög á landsbyggðinni búa við fjársvelt og geta illa veitt íbúum sínum þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. Fákeppni og allt að því einokun er ríkjandi á stærstu sviðum viðskipta- og atvinnulífs og heilbrigð samkeppni og einstaklingsframtak eiga mjög undir högg að sækja. Kynbundið ofbeldi og kynbundinn launamunur er viðvarandi. Skattar á lág- og meðaltekjufolk hafa hlutfallslega verið hækkaðir með skertum persónuafslætti, skertum barnabótum, skertum vaxtabótum og stórauðnum sjúklinga- og lyfjasköttum á meðan skattar hafa ýmist verið lækkaðir og/eða felldir niður á auð- og hátekjumönnum. Kjör öryrkja og aldraðra hafa hlutfallslega versnað. Brýnum umhverfismálum hefur ekki verið sinnt og unnin hafa verið stórfelld óafturkræf spjöll á náttúru Íslands í nafni blindrar stóriðjustefnu. Ungu fólki hefur verið gert illmögulegt að kaupa sína fyrstu íbúð og vaxtaokur er almenn staðreynd. Frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun hefur verið drepin í dróma og einsleit álbræðsluhyggja hefur verið allsráðandi með tilheyrandi ruðningsáhrifum. Nauðsynlegum hafrannsóknnum og sjálfbærni veiðum hefur of lítill gaumur verið gefinn. Hernaðarhyggja hefur farið vaxandi og Ísland gert að þátttakanda í Íraksstríðinu. Borgaraleg réttindi hafa verið skert samfara miðstýrðri ráðstjórn ríkislögreglustjóra með greiningardeildum, sérsveitum o.fl., en á sama tíma hefur verið dregið verulega úr löggæsluþjónustu á landsbyggðinni. Félagshyggja og almannahagsmunir eru á undanhaldi fyrir sérhagsmunum gróða- og markaðshyggju. Auðlindir þjóðarinnar sæta ásælni alþjóðlegra stórfyrirtækja og ofurauðmanna og þannig mætti lengi telja.

Það er staðföst skoðun minni hlutans að í öllum meginatriðum feli frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2008 í sér óbreytta ríkisstjórnarstefnu Sjálfstæðisflokksins síðustu fjögur kjörtímabil. Stefna Samfylkingarinnar, svo ekki sé talað um kosningaloforð hennar fyrir síðustu alþingiskosningar, sé lítt merkjanleg í fjárlögum fyrir árið 2008.

Þegar litið er yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefna sviði allsherjarnefndar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 10. október 2007 staðfesta þeir að mati minni hlutans það sem að framan greinir.

Þriðji minni hluti telur alvarlegustu annmarka frumvarpsins lúta að fjárveitingum til löggæslu- og fangelsismála. Embætti ríkisslögreglustjóra hefur vaxið gríðarlega undanfarin ár og útgjöld að sama skapi. Sífelld fleiri verkefni eru færð til miðstýrðrar ráðstjórnar embættisins auk nýrra verkefna. Þar ber mest á verkefnum, svonefndum öryggismálum, sem lúta að meintri en alls óskilgreindri hryðjuverkaógn hér á landi í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september 2001. Enn fjölgar í sérsveit lögreglunnar. Árið 2003 voru 18 manns í sérsveitinni en nú starfa þar á sjötta tug lögreglumanna án þess að nokkur fagleg þarfagreining hafi farið fram. Þá fer miðstýrð leyniþjónustustarfsemi hraðvaxandi. Á sama tíma eru fjárveitingar til sýslumanna vegna löggæsluþjónustu á landsbyggðinni skornar niður. Er svo komið að grenndargæsla í stórum byggðarlögum á landsbyggðinni og í heilu sýslunum er að verða í skötulíki. Í dæmaskyni má nefna Grindavík þar sem lögregla hefur sáralitla viðveru og Árnessýslu þar sem embættinu tekst almennt aðeins að manna einn lögreglubíl á hverri vakt í þessu víðfeðma umdæmi. Umkvartanir íbúa á landsbyggðinni hafa verið virtar að vettugi. Er tímabært að allsherjarúttekt fari fram á embætti ríkisslögreglustjóra, sérsveit, greiningardeild og öðrum sérdeildum embættisins og einnig á löggæsluþjónustuhörf á landsbyggðinni. Fjárframlög til lögreglunnar í Reykjavík eru einnig skorin niður þrátt fyrir aukin verkefni, svo sem við nauðsynlega og árangursríka miðborgargæslu um helgar og verkefni sem lögregla höfuðborgarsvæðisins hefur á höndum fyrir allt landið. 3. minni hluti gagnrýnir harðlega forgangsröðun löggæsluverkefna samkvæmt frumvarpi til fjárlaga og þó sér í lagi að ekki skuli varið verulegum fjármunum í baráttuna gegn viðvarandi og vaxandi kynbundnu ofbeldi. Má tala um hryðjuverk gagnvart konum í því samhengi. Sama gildir um fíkniefnamál og forvarnir. Þar skiptir þó ef til vill mestu að auka fjárveitingar til aðstoðar við börn með geðraskanir og við börn sem búa við ömurlegar heimilisaðstæður. Í álitu meiri hluta allsherjarnefndar er auknum fjárveitingum til löggæslu og öryggismála fagnað. Hér er að langmestu leyti um að ræða hækkun framlaga í Landhelgissjóð vegna kaupa á varðskipi og flugvél. Að öðru leyti skýrist hækkunin að mestu leyti af auknum fjárveitingum til embættis ríkisslögreglustjóra og til Útlendingastofu vegna aukins umfangs verkefna hennar. Aðrar fjárveitingar standa almennt í stað eða eru lækkaðar og boða óbreytta ríkisstjórnarstefnu fyrri ára. Við þennan þátt verður ekki skilið án þess að nefna það að sífelld fleiri lögreglumenn kjósa að leita á önnur mið um störf vegna bágra kjara og álags. Er embætti víða undirmönnuð. Ekki er tekið á þessum vanda í fjárlagafrumvarpinu.

Í tengslum við fjárveitingar til svonefndra öryggismála verður ekki hjá því komist að setja þau í samhengi við fjárveitingar til hernaðar- og hernaðartengdra mála. Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir rúmum 1,5 milljarði kr. til Ratsjárstofnunar, aðildar að NATO og fastanefndar NATO og í frumvarpi til fjárlagafrumvarpa um 830 millj. kr. til Ratsjárstofnunar, Norður-Víkings heræfinganna, öryggissvæðis við Keflavíkurflugvöll, loftflutninga fyrir NATO og ársþings þingmannanefndar NATO eða samtals rúmum 2,3 milljörðum kr. Þessi staðreynd er vægast sagt alvarlegt umhugsunarefni í ljósi þess sem segir í inngangi þessarar álits. Um þessa hernaðarhyggju er fjallað með faglegum hætti í grein eftir Kolbrúnu Halldórsdóttur í Dagfara, 3. tbl. 33. árg. 2007, tímariti Samtaka hernaðarandstæðinga.

Enn sitja fangelsismál á hakanum, þrátt fyrir úrbætur á Akureyri og Kviabryggju. Fjárveiting til fangelsisbygginga nemur aðeins 8 millj. kr. þrátt fyrir að gæsluvarðhaldsmál séu í enn í miklum ólestri, uppbygging á Litla-Hrauni þoli enga bið, aðstaða kvenkyns fanga sé óviðunandi og þar fram eftir götunum. Fjárframlög til Fangelsismálastofnunar halda í við verðlagsbreytingar. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni til að auka meðferðarúrræði fanga og

meta þörf þeirra fyrir meðferð, til málefna fanga sem eiga við geðræn vandamál að stríða og til fleiri brýnni fyrirbyggjandi verkefna sem kalla þegar í stað á úrlausn og fjármagn. Margar ánægjulegar breytingar hafa þó átt sér stað í fangelsismálum en þær má fyrst og síðast þakka frumkvæði fangelsismálastjóra og annarra starfsmanna Fangelsismálastofnunar.

Þriðji minni hluti leggur til að fjárveiting til Mannréttindaskrifstofu Íslands verði aftur tekin upp sem fastur liður á fjárlögum og sjálfstæði skrifstofunnar þannig tryggt, enda hefur reynslan sýnt að full þörf er á starfsemi skrifstofunnar þó svo að fagleg álit hennar kunni að þirra stjórnvöld. Jafnframt leggur 3. minni hluti til að fjárveitingar til gjafsóknar og bætur til brotþola verði stórauknar. Er með öllu óviðunandi að gjafsókn sé ekki veitt vegna fordæmismála og mála sem skipta verulegu máli fyrir lífsafkomu einstaklinga og fleira. Harmar 3. minni hluti lagabreytingu sem gerð var árið 2004 þar sem réttur til gjafsóknar í málum sem hafa almenna þýðingu var skertur, enda um mannréttindi að ræða. Hámarksfjárhæðir bóta til þolenda afbrota hafa engum breytingum tekið frá því að lög nr. 69/1995 voru sett sem þýðir einfaldlega að þær hafa í raun verið skertar um tugi prósent. Er illt til þess að vita að framhald verði á þeim skerðingum á næsta ári. Þar fyrir utan hafa fjárveitingar til gjafsóknar og bóta til brotþola verið vanmetnar mörg undanfarin ár og einu viðbrögð dómsmálafyrivalda felast í því að skerða þessi mikilsverðu réttindi. Það er enn fremur álit 3. minni hluta að auka verði fjárframlög til Umboðsmanns Alþingis meðal annars til að gera embættinu kleift að taka ríkari mæli upp mál að eigin frumkvæði. Þar kemur meðal annars til skoðunar athugun á réttarstöðu öryrkja, aldraðra og fleiri hópa í þjóðfélaginu sem standa höllum fæti.

Um frekari rökstuðning er vísað til álits minni hluta allsherjarnefndar um frv. til fjárlaga fyrir árið 2006, dags. 14. nóv. 2005 og undirritað af Ágústi Ólafi Ágússyni, Guðrúnu Ögmundsdóttur, Björgvini G. Sigurðssyni og Sigurjóni Þórðarsyni. Kolbrún Halldórsdóttir var sem áheyrnarfulltrúi í allsherjarnefnd samþykkt álitinu. Gagnrýni og ábendingar sem koma fram í álitinu eigan fullan rétt á sér í dag varðandi fjárlagafrumvarp fyrir árið 2008.

Alþingi, 19. nóv. 2007.

Atli Gíslason.